

Ár 2022, þriðjudaginn 21. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af meðlimum nefndarinnar Gunnari Guðmundssyni, Helga R. Magnússyni og Ernu Birgisdóttur.

**Fyrir er tekið málið nr. 5/2022:**

**FC Árbær**  
gegn  
Knattspyrnudeild Skallagríms

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

### **ÚRSKURÐUR:**

I.

#### **Kærandi:**

FC Árbær, kt. 530422-0540  
Eyktarás 2  
110 Reykjavík  
Fyrirsvarsmaður: Eypór Ólafsson

#### **Kærði:**

Knattspyrnudeild Skallagríms, kt. 590593-2309  
Þorsteinsgötu 1  
230 Borgarnes  
Fyrirsvarsmaður: Páll S. Brynjarsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 23.05.2022. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð og barst hún þann 29.05.2022.

II.

#### **Kröfur:**

Kærandi krefst þess að úrslit úr leik Skallagríms og Árbæjar í 4. deild karla sem fram fór á Skallagrímssvelli 16. maí 2022 verði dæmd ógild og Árbæ dæmdur 0-3 sigur. Til vara krefst Árbær þess að leikurinn verði allur endurspilaður í Borgarnesi, dæmdur af dómarateymi sem ekki hafi sterka tengingu við annað hvort liðið og að KSÍ greiði Árbæ ferðakostnað vegna farar á leikinn.

Kærði krefst sýknu af öllum kröfu kæranda í máli þessu.

### III.

#### Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að Skallagrímur og Árbær áttust við á Skallagrímsvelli þann 16. maí 2022 í fyrsta leik Íslandsmóts 4. deildar karla. Leikmenn Árbæjar hafi komist að því í hálfleik að dómari leiksins væri fyrrum leikmaður Skallagríms og þegar stjórnarnamenn kynntu sér málið að leik loknum hafi komið í ljós að dómariinn væri skráður í Skallagrím og því ætti hann aldrei að hafa dæmt umræddan leik sem hafi alls ekki verið vel dæmdur og dómariinn verið mjög hlutdrægur.

Kærði bendir á að umræddur leikur hafi farið fram skv. ákvæðum 17. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og því verði leikurinn hvorki endurtekinn né dæmdur Skallagrími tapaður. Dómariinn hafi uppfyllt öll réttindi til að dæma umræddan leik enda sé niðurröðun dómara á leiki alfarið í höndum KSÍ og hafi ekkert með kærða að gera.

### IV.

#### Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna þess að dómari leiksins er félagsmaður í Skallagrími og er það óumdeilt. Verður það að tejjast afar óheppilegt og ekki til eftirbreytni. Hins vegar segir í 34. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót að öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, stærð knattar og annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skuli borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrot. Kærandi kom engum athugasemdum á framfæri við dómara leiksins fyrir leik.

Í samræmi við ofangreint er niðurstaðan sú að sýkna beri kærða af öllum kröfum kæranda í máli þessu.

### V.

#### Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Skallagríms og Árbæjar í Íslandsmóti 4. deildar karla sem fram fór þann 16. maí 2022 standa óhöggud.

#### Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Helgi R. Magnússon [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]